



MÓTA- OG KEPPENDAREGLUR HJÓLREIÐANEFNDAR ÍSÍ

1.0 Mótstjórn

Hverjum þeim, er heldur opið mót, er skylt að skipa þrjá einstaklinga í mótstjórn til að annast framkvæmd þess.

Reglur þessar gilda um mót sem háð eru innan vébanda Hjólreiðanefndar ÍSÍ.

Mót er hjólreiðakeppni skipulögð og haldin af aðildarfélögum þess, þar sem fleiri en einu hjólreiðafélagi, eða félögum úr fleiri en einum hjólreiðafélagi, er heimil þátttaka.

1.1 Hlutverk mótstjórnar:

- Hún ber ábyrgð á framkvæmd og eftirliti með mótinu.
- Hún úrskurðar um reglubrot, agabrot og óíþróttamannslega framkomu.
- Hún framfylgir reglum um hjólið, klæðaburð og útbúnað.
- Hún framfylgir keppnisskilmálum.
- Hún verður að láta til sín taka sérhvert það brot á reglu sem hún verður var við eða henni er skýrt frá.
- Hún getur ákveðið að fresta eða fella niður mót vegna veðurs.
- Hún tilkynnir úrslit mótsins.
- Öll mót skulu sett upp á vef Hjólreiðanefndar ÍSÍ, www.hjoramot.is
- Fulltrúar mótstjórnar skulu vera til staðar á meðan mótið fer fram og að minnsta kosti 30 mínútum eftir að úrslit hafa verið birt.

Stjórn Hjólreiðanefndar hefur heimild til þess að tilnefna eftirlitsmann fyrir sérhvert mót. Verkefni slíks eftirlitsmanns er að gæta þess að mótið fari fram samkvæmt reglugerð þessari og/eða öðrum reglum nefndarinnar.

1.2 Úrskurður mótstjórnar

Mótstjórn ber ábyrgð á mótinu og hún getur gefið mótstjóra, brautarverði og ræsi leyfi til að taka á

reglubroti, dómara í endamarki leyfi til að kveða á um úrslit. Úrskurðir geta orðið með hljóði úr flautu, handabendingu, flaggi eða öðrum skilaboðum. Þessir úrskurðir eru endanlegir og ekki hægt að afturkalla.

Vísa verður öllum ágrenningi og vafaatriðum sem varða reglurnar til mótstjórnar, en úrskurður hennar endanlegur.

1.3 Mótmæli og athugasemdir

Keppendur og eftirlitsmaður Hjólreiðanefndarinnar hafa heimild til að gera athugasemdir við framkvæmd móts. Slíkar athugasemdir skulu koma fram áður en móti lýkur eða í síðasta lagi 30 mínútum eftir að úrslit hafa verið birt. Fallist mótstjórn ekki á athugasemdir aðila, ber henni án tafar að gera rökstudda grein fyrir úrskurði sínum.

Þátttöku- og keppendareglur

2.0 Almennt

Keppandi skal ávallt reyna að gera sitt besta og eigi hætta keppni að ástæðulausu. Hann æfir sig og keppir á eigin ábyrgð, og ber mótstjórn mótsins því enga ábyrgð á meiðslum, er hann kann að verða fyrir.

Keppandi er sjálfur ábyrgur fyrir því að allar persónulegar upplýsingar séu réttar, svo sem aldur, flokkur, og keppnisréttindi. Átti keppandi sig á mistökum við skráningu skal tilkynna það í síðasta lagi að morgni keppnisdags. Á keppnisstað er það mótstjórn sem tekur við tilkynningum um breytingar.

2.1 Hlutgengi keppenda

Rétt til þátttöku í opinberum mótum hafa íslenskir ríkisborgarar, áhuga- og atvinnumenn, sem eru fullgildir meðlimir í viðurkenndu hjólreiðafélagi/deild innan vébanda ÍSÍ. Erlendir Hjólreiðamenn með erlent ríkisfang sem skráðir eru í hjólreiðafélag/deild innan vébanda ÍSÍ og með skráð lögheimili á Íslandi, hafa rétt til þátttöku í mótum. Stjórn hjólreiðanefndar ÍSÍ hefur heimild til að leyfa þátttöku erlendra hjólreiðamanna og aðila utan íþróttahreyfingarinnar í opnum mótum sem þannig eru auglýst. Þeir aðilar geta þó ekki keppt til Íslandsmeistaratitils.

2.2 Félagsréttindi

Hjólreiðamenn mega aðeins keppa fyrir eitt félag á sama almanaksári. Undantekning frá þessari reglu er: Íslenskur hjólreiðamaður, sem keppir með erlendu félagi, missir af þeim ástæðum eigi nein réttindi til keppni í félagi sínu innan Hjólreiðanefndarinnar.

2.3 Aldursákvæði

Mótstjórn hefur heimild til að setja takmörk um aldur keppenda. Ef þátttaka er háð ákvæðum um aldur eða keppendum er skipt í aldursflokka, skal það vera meginregla að miða aldur við almanaksár.

2.4 Forföll

Mótshaldara er heimilt að krefjast greiðslu þátttökugjalda við skráningu. Keppandi á ekki rétt á endurgreiðslu þátttökugjalds boði hann forföll til mótstjórnar, síðar en kl. 18:00 daginn fyrir fyrsta keppnisdag.

2.5 Framkoma og ábyrgð

Keppandi skal koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum. Hann skal sýna dómurum og starfsmönnum mótsins tilhlýðilega virðingu og eigi fara niðrandi orðum um þá eða áhorfendur.

2.6 Klæðaburður

Keppandi skal mæta til keppni klæddur í hjólreiðafatnað. Sé einhver þannig klæddur, að ósæmilegt megi teljast, getur mótstjórn bannað honum að keppa. Klæðnaður skal vera þar til gerður viðurkenndur fatnaður fyrir viðkomandi keppnisgrein.

2.7 Lyfjaeftirlit

Reglur ÍSÍ varðandi lyfjanotkun gilda í öllum keppnum og æfingum og geta keppendur nálgast allar nánari upplýsingar á vef www.lyfjaeftirlit.is

Keppendur sem ekki sinna tilmælum mótstjórnar, lyfjaeftirlits ÍSÍ eða annara aðila sem málið varðar verða kærðir og geta átt von á allt að 2 ára keppnisbanni.

2.8 Viðurlög

Brjótí keppandi einhverja af framanskráðum reglum, á hann á hættu að vera vikið úr keppni og fá keppnisbann.

Íslandsmeistaramót og önnur landsmót

3.0 Almennt

Þátttökurétt hafa íslenskir ríkisborgarar og erlendir hjólreiðamenn eftir a.m.k. tveggja ára samfellda búsetu hérlendis.

Til þess að keppandi teljist löglegur til keppni skal hann hafa greitt félagsgjöld til síns félags á árinu sem keppni fer fram.

Ef keppendur eða lið eru færri en fimm verður keppnin felld niður.

Íslandsmeistarinn hefur ekki unnið sér sjálfkrafa inn sæti í landsliði eða þátttökurétt á alþjóðlegum mótum s.s. evrópu- eða heimsmeistaramóti.

Í liðakeppnum geta önnur íþróttafélög keppt og unnið til verðlauna.

3.1 Undirbúningur

Skráning í Íslandsmót skal fara fram á www.hjotlamot.is og skal opna fyrir skráningu eigi síðar en 2 vikum áður en keppni fer fram.

Til þess að keppnisflokkur teljist löglegur þarf að lágmarki 5 keppendur í flokk í hverri keppni.

3.2 Fjölmíðlar

Mótstjórn er ábyrg fyrir því auglýsa mótið vel. Senda frá sér fréttatilkynningar og nefna einhvern sem fjölmíðlafulltrúa.

3.3 Framkvæmd

Mótstjórn hefur alla yfirstjórn á keppnissvæðinu. Hún skal hafa til reiðu á keppnisstað leyfi landeiganda og sýslumanns.

Hún hefur umsjón með keppnisbraut og öllu sem viðkemur henni, t.d. merkingu brautar, merkingu áhorfendasvæðis osfrv. Hún gefur einnig endanlegt rásleyfi og sér um ræsingu.

Rás og endamarksdómari er tilnefndur af mótstjórn en hann úrskurðar hvort ræsing sé rétt og gefur öðrum starfsmönnum merki eftir því sem við á. Hann skal einnig dæma hvor keppandinn er á undan, komi tveir samsíða í endamark.

Allar ákvarðanir og úrskurðir mótstjórnar og aðila skipaða af mótstjórn á keppnisstað eru endanlegir hvað varðar framkvæmd keppni.

Þannig samþykkt á fundi Hjólreiðanefndar í mars 2013.